

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Fjárlaganefnd**
Sendandi: **Umhverfis-; orku- og loftslagsráðuneyti**
Dagsetning: **16.11.2023**
Málsnúmer: **UMH22040064**
Bréfalykill: **9.2**

Efni: Nýting losunarheimilda gagnvart loftslagsskuldbindingum í samræmi við ETS-sveigjanleikaákvæði

Nýting ETS-sveigjanleikaákvæðis gagnvart loftslagsskuldbindingum Íslands

Samkvæmt ákvæðum í ETS-regluverkinu fá aðildarríki úthlutað vissum fjölda losunarheimilda sem þau hafa heimild til að selja á sérstökum uppboðsmarkaði með losunarheimildir og fengið tekjur af sölunni. Samkvæmt regluverkinu er ákvæði um að allt að 50% teknanna renni til loftslagsmála. Í endurskoðuðu regluverki er gert ráð fyrir að tekjurnar renni að öllu leyti til loftslagstengdra verkefna, þ.m.t. til orkuskipta, bættrar orkunýtingar, samdráttar í losun og föngunar og niðurdælingar. Þar sem fjárhagsmálefni eru ekki hluti af EES-samningnum er þetta skilyrði ekki bindandi fyrir Ísland og Noreg og tekjur íslenska ríkisins af sölu uppboðsheimilda renna beint í ríkissjóð.

Árið 2019 hóf Ísland að selja losunarheimildir á grundvelli ETS-kerfisins á sameiginlegum uppboðsvettvangi ESB. Um var að ræða uppsafnaðar heimildir frá árinu 2013, en það ár hóf Ísland þátttöku í ETS-kerfinu. Vegna tæknilegra hindrana hófu Ísland og Noregur ekki sölu losunarheimilda á uppboði fyrr en 2019. Uppsafnaðar heimildir voru seldar árin 2019 og 2020, ásamt losunarheimildum viðkomandi ára. Tekjur árána 2019 og 2020 voru því óvenju miklar, þar sem um var að ræða uppsöfnun frá árinu 2013 eins og áður sagði.

Árlega fækkar losunarheimildum í heildarpottinum og þar með fækkar þeim heimildum sem úthlutað er til ríkjanna. Samkvæmt regluverkinu er Íslandi úthlutað 0,043% af heildarfjölda losunarheimilda úr almenna kerfinu (ETS-iðnaður).

Íslensk stjórnvöld tilkynntu Evrópusambandinu í lok árs 2019 að þau hygðust nýta sveigjanleikaákvæði 6. gr. reglugerðar ESB nr. 2018/842 um bindandi árlegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkja frá 2021 til 2025 (Effort Sharing Regulation - ESR). Ákvæðið felur í sér að heimilt er að færa uppboðsheimildir úr ETS kerfinu á móti skuldbindingum Íslands innan ESR kerfisins. Á grundvelli ákvörðunar um að nýta sveigjanleikaákvæðið, eru rúmlega 124 þúsund heimildir dregnar frá úthlutun Íslands árlega fyrir árin 2021-2025. Þær heimildir er því ekki hægt að selja á uppboði. Ríki mega endurskoða ákvörðun um að nýta þetta sveigjanleikaákvæði fyrir síðari hluta skuldbindingatímabilsins, þ.e. árin 2026-2030, fyrir árslok 2024.

Verð á losunarheimildum ákvarðast á markaði og því geta tekjur af þeim tekið breytingum í samræmi við breytingar á markaðsverði. Frá árinu 2019 þegar Ísland hóf uppboð á losunarheimildum hefur verð á heimildum hækkað mikið. Á árinu 2021 fór verð á heimildum til að mynda úr 32 EUR/tCO₂ upp í rúmar 80 EUR/tCO₂ og yfir 90 EUR/tCO₂ í lok árs 2022. Verð á mörkuðum nú á haustmánuðum 2023 var um 80 EUR/tCO₂.

Árið 2022 voru gerð mistök við útreikninga úthlutunar nokkurra aðildarríkja sem tilkynnt höfðu um að þau ætluðu að nota sveigjanleikaákvæðið, þ.m.t. fyrir Ísland. Mistökin fólust í því að viðkomandi

ríki fengu fleiri heimildum úthlutað en þau áttu rétt á skv. regluverkinu. Þessi mistök verða leiðrétt við úthlutun fyrir árið 2023. Tekjur af sölu losunarheimilda verða því mun lægri árið 2023 en voru tekjufærðar 2022, þar sem aðeins verður um sölu uppboðsheimilda frá flugi að ræða.

Verð á losunarheimildum myndast á markaði. Áætlun tekna 2024-2028 verður yfirfarin þegar magntölur og breytingar á reglugerðum liggja fyrir og einnig þegar liggur fyrir innflæði úr kerfinu í hina mismunandi sjóði Evrópusambandsins, en fjármögnun sjóðanna getur haft áhrif á það magn losunarheimilda sem úthlutað er til aðildarríkjanna hverju sinni til að selja. Ísland á aðild að Nýsköpunarsjóði ESB (Innovation Fund).

Mikilvægt er að upplýsingar um tekjur af sölu losunarheimilda, sem og upplýsingar um fjölda heimilda sem ráðstafað verður á grundvelli sveigjanleikaákvæðis í ESR reglugerðinni, verði sýnilegar bæði á tekju- og gjaldahlið ríkisreiknings um leið og það er leið og það er liður í að gera skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum sýnilegri og í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Útgefnar upplýsingar um tekjur af sölu ETS losunarheimilda má finna í ríkisreikningi hvers árs undir liðnum Skýring 6, aðrar tekjur, „Sala losunarkvóta og önnur leyfisgjöld“.

https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/R%C3%ADkisreikningur_2022.pdf